



Fundargerð 185. fundar stjórnar VM

Haldinn mánudaginn 06. maí kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Valbjörn Höskuldsson, Gunnar Sigurðsson, Ingi Bogi Hrafnsson og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir og Einar Sveinn Kristjánsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 184

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður byrjaði á því að bjóða nýkjörna stjórn til næstu tveggja ára velkomna til starfa og þá sérstaklega þá Inga Boga Hrafnson og Gunnar Sigurðsson sem eru nýir í stjórn. Hann sagði frá því að oftast væri byrjað á skýrslu formanns um það helsta frá síðasta stjórnarfundum. Aðalfundurinn gekk ágætlega að mestu leyti, lagabreytingarnar fóru vel í gegn. Við höfum þó fengið athugasemd varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs, fer betur yfir það undir lið 5. Svo er spurning hvort menn eiga að geta sett inn tillögur á fundum ef enginn er á fundinum til að fylgja þeim eftir. Það má vísa svoleiðis tillögum frá.

Það hefur farið drjúgur tími í karp við SFS um hvernig á að lesa út úr kjarasamningum á almenna vinnumarkaðinum. Það er hvernig taxtakaup á að hækka, hvað varðar tímakaup fiskiskipsvélstjóra, hvað vinnu í landi varðar. Eftir að við vildum vísa þessu í félagsdóm samþykkti SFS að fara okkar leið það er að hækka taxa um 5,4% í stað 3,25% eða 23.750 kr. eftir hvort er betra.

Þá var mikið fundað með SA vegna orkufyrirtækjanna en þau eru öll saman í samtalinu um launaliðina. Hefur það mjakast hægt og strandar þá aðallega á launaþróunarkröfunni. Næsti fundur er kl. 14:00 í dag. Þá er einnig fundur hjá SA kl. 15:00 í dag hjá Hvalaskoðunarbátum og vonumst við til að við klárum það.

Fundur NMF (Norrænu vélstjóra samtök.) var haldinn í Danmörku daganna 15. – 17. apríl. Farið var yfir hina ýmsu starfsemi, árangur og þátttöku í stjórnnum og nefndum eins og ITF, IMO, ESS og ETF. Því var ákveðið að þema næsta fundar sé: hvernig á að hafa áhrif og útfæra alþjóðlegar reglugerðir, til að innleiða þær í sínu landi. Þá var einnig rætt um orkuskipti og nýtt eldsneyti með tillit til öryggis mannskaps og skips. Næsti fundur verður á Íslandi seinni partinn í ágúst.

Þá voru ársfundir lífeyrissjóðanna Birtu og Gildis haldnir 23. og 24. apríl. Hjá Birtu kom einn nýr í stjórn, launafólks megin. Hjá Gildi kom einn nýr í stjórn. Einnig kom fulltrúi frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar inn sem nýr varamaður.

Hátíðarhöldin 1. maí tókust vel. Boðið var upp á kaffi eftir gönguna hér í húsi, sameiginlegt hjá öllum félögunum. Mér skilst að það hafi tekist vel og komu tæplega 1700 manns í hús. Ég var aftur á móti á Akureyri ásamt forseta ASÍ. Við erum sem landsfélag þátttakendur í 1.maí nefndinni og áttunda hvert ár erum við í forsvari fyrir hátíðarhöldin þar. Þá leiðum við gönguna og ávörpum fundinn í upphafi en forseti ASÍ var aðalræðumaður dagsins.

Fundurinn var haldinn í Hofi. Það var góð mæting eða á fimmta hundrað manns.

ASÍ ætlar í hringferð um landið og kynna mál sem verða tekin fyrir á næsta þingi í haust og verða hér í húsi 23. maí, áætlaður tími á milli kl. 18:00 og 20:00. Fundað verður með fulltrúaráðum allra félaga hér í húsi. Við sendum póst í lok næstu viku, en það mun þurfa að skrá sig á fundinn. Boðið verður upp á veitingar

3. Tótal – félagakerfi

Formaður kynnti Tótal félagakerfið, oft hefur verið talað um kostnað á tölvukerfum og formaður sýndi kostnaðartölur af þeim kerfum sem verið er að nota í dag og hvernig þær skiptast á milli félaganna. Tótal er féлага og orlofshúsakerfi sem Afl er búið að vera með í mörg ár og er í stöðugri þróun. Efling er nýbúinn að taka kerfið upp ásamt Einingu á Akureyri, Hlíf og fleirum. Stærsti kosturinn við þetta er að við getum tekið upp innheimtu félagsgjalda fyrir utan að mánaðarlegur kostnaður verður mun lægri. Fagfélögin munu kaupa hlut í Tótal og fá mann í stjórn. Samþykkt af öllum fundarmönnum að halda áfram með innleiðingu Tótal.

4. Kosning varaformanns

Tveir eru í framboði til varaformanns, leynilega atkvæðagreiðsla fór fram og eftir talningu var ljóst að Sigurður Gunnar fékk öll greidd atkvæði og þar með verður hann áfram varaformaður félagsins.

5. Skipun fulltrúaráðs og starfshópa

Verið er að vinna skrá yfir trúnaðarmenn, endurnýja þarf umboð trúnaðarmanna á tveggja ára fresti og erum við að klára það. Formaður sýndi lista yfir trúnaðarmenn sem eru 42 og þeir tilheyra fulltrúaráði félagsins. Spurt var hver færri yfir þennan lista? Formaður sagði að þetta væri komið inn í kjaradeildina. Formaður sýndi heildarlistann yfir fulltrúaráð og var það samþykkt með þeim fyrirvara að listinn yfir trúnaðarmenn sé réttur.

Næst þarf að skipa í nefndir og starfshópa. Styrktar- og sjúkrasjóður, kosið var um þrjá á aðalfundinum. Formaður er í stjórn og einn fulltrúi skipaður af stjórn á fyrsta fundi eftir aðalfund. Síðan kom athugasemd frá félagsmanni um skipun í stjórn sjóðsins varðandi það að það væru of margir úr stjórn í stjórn sjúkrasjóðs. Það er ekkert í lögum félagsins eða reglugerð sjóðsins sem segir að stjórnarmenn megi ekki sitja í stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs en á sínum tíma voru settar reglur, munnlega, um að stjórnarmenn sætu ekki í stjórn og var þetta meðal annars gert til að tryggja að ekki sé verið að flytja peninga úr sjóðnum í félagssjóð. Ef við ætlum að hafa þetta svona þá verðum við að breyta reglugerð sjúkrasjóðs til að þetta standi einhvers staðar.

Formaður stakk upp á að breyta reglum og hafa þetta skýrt fyrir næsta aðalfund. Bent var á að ef við lesum reglugerðina þá getum við boðið fram stjórnarmann og svo eru aðrir kosnir og hvort sem þeir eru í stjórn eða varastjórn þá á það ekki að skipta máli. Valbjörn spurði hvort ekki væri hægt að setja reglur inn í lögina. Þetta var samþykkt á aðalfundi og við höldum



Þessu þar sem við höfum ekki brotið reglugerð eða lög. Farið verður í að endurskoða reglugerð sjóðsins fyrir næsta aðalfund. Kristmundur var svo kjörinn af stjórn eins og lögin segja til um. Samþykkt af öllum nema einum sem sat hjá.

Orlofsnefnd í henni sitja í dag Samúel Ingvason, Jón Jóhannsson, Guðni Gunnarsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Einar Sveinn Kristjánsson, þeir sem óskað hafa eftir að komast í nefndina eru Pétur Freyr, Guðbrandur Viktor og Tinna. Formaður óskaði eftir að við myndum búa til reglu um hversu marga við viljum hafa í nefndinni og setja það svo í reglugerð nefndarinnar. Spurt var hvort við ættum ekki bara að fara eftir lögnum, félagssjóður fer með stjórn orlofssjóðs en getur skipað starfsnefnd. Spurt var hvað stæði í lögnum. Formaður las upp það sem stendur í nýju lögnum. Við þurfum svo að fara yfir allar reglugerðir og aðlaga að lögnum. Formaður óskaði eftir að núna yrði ákveðið hvað væru margir í orlofsnefnd. Það hafa verið 5. Stungið var upp á 3 -5. En þessi nefnd kemur bara með tillögur til stjórnar? Að lokum var samþykkt að Samúel, Sigurður Jóhann, Pétur Freyr, Einar Sveinn og Guðbrandur Viktor myndu vera í nefndinni. Reglugerð fyrir nefndina þarf svo að vinna og þarf að vera klárt helst fyrir haustið a.m.k. fyrir árslok, samþykkt.

Laganefnd. Formaður stakk upp á Einari Sveini, Sigurður Gunnari og Ingi Bogi bauð sig fram, samþykkt.

Formaður óskaði eftir að sett yrði tala á fjölda manna í lífeyrisnefnd og fagnefnd sjómanna og vinna starfsreglur fyrir þessar nefndir. Hann óskaði líka eftir að fresta vali í þær til næsta fundar svo hægt sé að vinna þetta. Formaður óskaði eftir að vinna reglur með mönnum sem þekkja til. Samþykkt var að hámarksfjöldi í Lífeyrisnefnd og Fagnefnd sjómanna yrðu sjö. Spurt var hvort það væri engin fagnefnd fyrir menn í landi, og lagt til að hún yrði stofnuð. Samþykkt var að skoða það.

6. **Ákvörðun um félagsgjald aukafélaga.** Rætt var um þessa aukafélagsaðild og hvað fælist í henni. Þetta eru menn sem eru komnir til annarra félaga og vilja halda sambandi við félagið og geta leigt sumarhús. Ákveðið var að fresta því að taka hana upp þangað til Tótal kerfið verður tekið í notkun og að gjaldið yrði 0,25% af lágmarkslaunum, sama prósentu og er í kjarasamningum.

7. **Lagt fram til upplýsingar.**

- a. **Sumarlokun**, lokað frá og með 22. júlí til og með 5. ágúst.
- b. **Yfirlit frá bönkum**, yfirlit í fundargögnum.
- c. **Vinnustaðaeftirlit**, skýrsla í fundargögnum.

8. **Önnur mál.**

- Góð samskipti, námskeið fyrir stjórnarmenn. Í því felst að námskeiðshaldari talar við alla stjórnarmenn einslega og gerir það oftast í fjarfundi og svo er dagsnámskeið. Ef samþykkt verður fjarfundarleiðin þá getur þetta námskeið orðið fljótlega en ef ekki þá í haust. Áhugi ekki fyrir hendi hjá stjórnarmönnum og þessu því hafnað.
- Bréf til aldursfélaga, tillaga um að senda mönnum bréf þegar þeir verða 67 ára og upplýsa þá um réttindi sín hjá félaginu. Samþykkt að klára þetta fyrir næsta fund.
- Spurt var um tjónið á Laugarvatni. Eru tryggingar að bæta þetta? Formaður svaraði því að tryggingarnar séu búnar að skoða og málið er í ferli.
- Spurt var hvort seldu bústaðirnir á Laugarvatni séu farnir og hvort búið sé að laga svæðið. Tryggt þarf að vera að það skapist ekki hætta. Formaður sagði að húsin væru farin og svæðið ætti að vera tryggt.



- Spurt var um ASÍ málið frá aðalfundi, hvernig ætlum við að snúa okkur í því. Við þurfum að byrja þá vinnu. Formaður sagði að þessi fundur sem verður 23. maí sé kynning á ASÍ og formaður vonar að sem flestir af okkar mönnum komi til að fá innsýn í hvað er verið að gera það. Á aðalfundinum var samþykkt að vísa þessu til stjórnar og koma með á næsta aðalfund kosti og galla þess að vera í ASÍ. Við þurfum að skipa nefnd til að vinna þetta.
- Menn hafa verið að kvarta yfir hvað mæti fáir á aðalfundi og stungið var upp á að það yrði stofnuð skemmtinefnd. Formaður sagði þetta góða hugmynd og gott að koma með á næsta fundi tillögu um skipun í nefndina og verkefni.
- Formaður sagðist stefna á að hafa næsta fund 13. júní og svo yrðir frí í júlí.

Fundi slitið kl. 13:02

Fundarritari: Áslaug R. Stefánsdóttir